

Samningur um skiptingu ellilífeyrisréttinda

skv. 3. mgr. 14. gr laga nr. 129/1997

1. gr.

Undirritaðir samningsaðilar gera með sér eftirfarandi samning um skiptingu ellilífeyrisréttinda með heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Samningsaðilar eru:

Nafn _____

Nafn _____

Kennitala _____

Kennitala _____

Heimili _____

Heimili _____

Netfang _____ Sími _____

Netfang _____ Sími _____

3. gr.

3.1. Samningur þessi tekur til jafnrar og gagnkvæmrar skiptingar á milli okkar á ellilífeyrisréttindum hvors okkar, sem á unnist hafa eða ávinnast á meðan á hjúskap okkar, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist hefur staðið eða stendur. Afhenda þarf sjóðnum hjúskaparvottorð eða sambúðarvottorð frá Hags tofu Íslands.

3.2. Samningur þessi tekur til _____ % af ellilífeyrisréttindum okkar. (Ath. mest 50%)

3.3. Skipting ellilífeyrisréttinda okkar skal fara fram samkvæmt eftirfarandi á kvæði í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Athugið að hægt er að merkja bæði við lið b. (skipting á unninna réttinda) og lið c. (skipting framtíðarréttinda) en ekki unnt að velja alla liði.

a. Skipting ellilífeyrisgreiðslna.

b. Skipting á unninna réttinda. Tímabil frá: _____ Tímabil til: _____ Með samningi um skiptingu þegar á unninna réttinda ber að fylgja heilbrigðisvottorð sem sent er trúnaðarlækni sjóðsins sem metur hvort aðili sé haldinn sjúkdómi eða heilsufar sjóðfélaga dragi úr lífslíkum.

c. Skipting framtíðarréttinda. Frá hvaða tíma: _____

4. gr.

Taki samningur þessi til skiptingar ellilífeyrisréttinda samkvæmt 1. eða 3. tölulið 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, sbr. liði 3.3.a og 3.3.c hér að framan, getur hvor samningsaðili sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara, enda standi aðrir samningar eða fyrirmæli því ekki í vegi. Uppsögn skal vera skrifleg.

5. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum eða Landsamtökum lífeyrissjóða um samning þennan og afhenda þeim afrit eða ljósrit samningsins, svo og önnur gögn sem máli skipta. Taki samningur þessi til skiptingar framtíða ellilífeyrisréttinda skuldbinda samningsaðilar sig jafnframt til þess að tilkynna lífeyrissjóðum, sem þeir hefja síðar iðgjaldagreiðslur til, um samninginn og afhenda þeim afrit eða ljósrit hans. Með sama hætti skuldbinda samningsaðilar sig til að tilkynna skriflega hlutaðeigandi lífeyrissjóðum um slit samnings þessa.

6. gr.

Samningsaðilar staðfesta með undirskrift sinni að þeir hafi kynnt sér áhrif samnings þessa á ellilífeyrisréttindi þeirra og efni þeirra lagaákvæða, sem samningur þessi byggist á, sem er einkum 3. mgr. 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Aðilar staðfesta jafnframt að hafa kynnt sér áhrif samningsins á réttindi í hlutfallssjóðum en það eru einkum eldri réttindakerfi ríkis- og sveitafélagastarfsmanna. Í slíkum réttindakerfum kann að vera óvarlegt að gera samning um skiptingu ellilífeyrisréttinda þar sem makalífeyrisréttindi eru greidd ævilangt.

7. gr.

Til staðfestu öllu framangreindu rita aðilar undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Staður og dagsetning

Undirritun samningsaðila

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila.

Nafn _____

Nafn _____

Kennitala _____

Kennitala _____